



Framkvæmdastjórn
Evrópusambandsins

Efnahags – og peningamál

Hvorki framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, né nokkur einstaklingur fyrir hönd hennar, ber ábyrgð á notkun meðfylgjandi upplýsinga.

Þetta skjal er endurskoðuð og uppfærð útgáfa rafræna ritsins Efnahags- og peningamál (Economic and Monetary Affairs) (http://europa.eu/pol/emu/index_en.htm). Stjórnarsvið um stækkunarmál lauk uppfærslu þess í júní 2010 og var hún yfirfarin af Stjórnarsviði um efnahags- og peningamál í febrúar 2012.

Mikið af frekari upplýsingum um Evrópusambandið má finna á netinu, svo sem á Europa netþjónum (<http://europa.eu/>).

Þá má nálgast upplýsingar á íslensku á heimasíðu Evrópustofu, upplýsingamiðstöð ESB á Íslandi (<http://evropustofa.is>).

Stöðugleiki og vöxtur

Innan þess sameiginlega markaðar og stóru viðskiptaheildar sem Evrópusambandið myndar er skynsamlegt að samræma efnahagsstefnu ríkja. Það gerir sambandinu kleift að bregðast á skjótan og samræmdan hátt við viðfangsefnum á borð við þær efnahags- og fjárhagsþrengingar sem nú steðja að. Hingað til hafa sautján ríki aukið samræminguna enn frekar með því að taka upp evru sem gjaldmiðil og flest önnur ríki ESB munu fylgja í kjölfarið þegar þau uppfylla nauðsynleg skilyrði.

Efnahags- og myntbandalagið (EMU)

Efnahags- og myntbandalagið (EMU), sem öll Evrópusambandsríkin taka þátt í, er grundvöllur samstarfs á sviði efnahagsmála. Innan bandalagsins eru samþykktar sameiginlegar viðmiðunarreglur um málefni sem mikilvæg eru fyrir hagkerfið. Aðalmarkmiðið er að auka vöxt, fjölga störfum og auka sjálfbæra félagslega velferð fyrir alla. Einnig gerir þetta samstarf Evrópusambandinu kleift að bregðast við alþjóðlegum efnahags- og fjárhagslegum vandamálum á samræmdan og skilvirkan hátt. Það auðveldar hagkerfi ESB einnig að standa af sér utanaðkomandi áföll og gerir því auðveldara að takast á við efnahags- og fjárhagsleg vandamál.

Fjármálastefna (skattar og útgjöld) verða áfram í höndum stjórnvalda hvers ríkis, þrátt fyrir að þau samþykki að halda sig við ákveðnar reglur í ríkisfjármálum sem ganga undir nafninu samningur um stöðugleika og vöxt (e. Stability and Growth Pact). Þá bera einstök ríki enn fulla ábyrgð á eigin uppbyggingarstefnu (í atvinnu- og lífeyrismálum og á fjármálamörkuðum) en samþykkja að samræma hana öðrum til að ná fram sameiginlegum markmiðum um stöðugleika, vöxt og atvinnu.



Sterkari samningur um stöðugleika og vöxt

Fjármálakreppan sýndi fram á annmarka í hagstjórnarkerfi ESB og því voru reglugerðir þar að lútandi nýverið endurbættar. Þessar nýju reglur og viðurlög eru hluti af endurskoðuðum samningi um stöðugleika og vöxt og eru þær strangari, skýrari, trúverðugari og innleiddar að fullu. Þær eiga að tryggja að öll lönd ESB stefni í átt að sjálfbærum ríkisfjármálum með því að halda halla þeirra undir 3% og að skuldir ríkisins nemi ekki meira en 60% af vergri landsframleiðslu.

Nú er hægt að grípa til aðgerða vegna óhóflegs fjármálahalla (e. Excessive Deficit Procedure – EDP) vegna skuldaþróunar ríkja en ekki bara vegna halla á ríkisfjármálum. Ríki Evrópusambandsins sem skulda meira en 60% af vergri landsframleiðslu ættu að draga úr skuldum sínum samkvæmt tölulegu viðmiði. Stighækkandi fjárhagsleg viðurlög fara fyrir af stað í EDP og hægt verður að krefja evruríki um að leggja sem samsvarar 0,2% af vergri landsframleiðslu inn á EDP. Nái viðkomandi evruríki ekki að fylgja þessum ábendingum um endurbætur getur það leitt til sektar.

Þessar nýju reglur styrkja grunn Efnahags- og myntbandalagsins, auka aga í fjárlögum og bæta samræmi og eftirlit í efnahagsstefnu.



Á vettvangi ESB eru tvö kerfi til að styðja við þessi sameiginlegu verkefni:

Evrópuönnin (e. European Semester) er tími stefnumótunar og samræmingar á vettvangi ESB sem eykur gagnsæi stefnumótunar milli ríkja ESB með því að tryggja að stefnur allra landa séu greindar og metnar saman. Á fyrstu sex mánuðum hvers árs fer þessi samræming á þjóðhagslegum, fjárhagslegum og endurbótastefnum allra aðildarríkja fram en í kjölfar hennar eru lagðar fram tillögur fyrir hvert ríki.

Viðbrögð vegna þjóðhagslegs ójafnvægis (e. Macroeconomic Imbalance Procedure) miða að því að forðast og leiðrétta verulegan samkeppnismun og mikið þjóðhagslegt ójafnvægi milli Evrópusambandsríkja. Dæmi um ójafnvægi er minnkandi hlutur landa í útflutningsmörkuðum, há skuldastaða eða áhættusamar bólar í eignaverði. Þó nokkur slík vandamál náðu að hlaðast upp á síðasta áratug og gætu haft neikvæð smitáhrif á önnur ríki ESB ef ekkert væri að gert. Þess vegna hefur ESB sett upp nýtt eftirlits- og eftirfylgnikerfi til að bera kennsl á og leiðrétta slík vandamál mun fyrir.

Samkvæmt þessum starfsreglum mun framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skima aðildarríki fyrir tíu þjóðhagslegum einkennum og tekur einnig mið af öðrum efnahagslegum upplýsingum til að fá heildaryfirsýn. Þannig geta framkvæmdastjórnin og leiðtogaráðið samþykkt fyrirbyggjandi tillögur fyrir viðkomandi ríki ESB áður en að ójafnvægið eykst og verður skaðlegt. Í alvarlegri tilvikum þarf að grípa til leiðréttinga sem eru studdar ströngum reglum sem eru nýjar starfsreglur um gegndarlaust ójafnvægi (e. Excessive Imbalance Procedure). Þær gera einnig ráð fyrir betri framkvæmd fjárhagslegra viðurlaga gagnvart löndum á evrusvæðinu sem fylgja ekki ráðleggingum.

Að snúa böfum saman gegn kreppunni

Frá því núverandi efnahags- og fjármálakreppa skall á í október 2008, hefur Evrópusambandið brugðist við með samræmdum aðgerðum. Ríkisstjórnir aðildarríkja, Seðlabanki Evrópu og framkvæmdastjórnin hafa unnið saman að því að vernda sparifé, viðhalda aðgengi að lánsfé á viðráðanlegu verði fyrir fyrirtæki og heimili, styrkja hagstjórn Evrópusambandsins og koma á fót betra stjórnkerfi fjármála á alþjóðavísu. Markmiðið er ekki aðeins að endurheimta stöðugleika, heldur tryggja einnig öflugan efnahagslegan vöxt og atvinnusköpun.


Fram til þessa hafa ríkisstjórnir innan Evrópusambandsins varið ríflega tveimur trilljónum evra til björgunaraðgerða. Leiðtogar Evrópusambandsins samræmdu inngrip til stuðnings bönkum og heimiluðu ábyrgðir á lán. Evrópusambandið hefur einnig hækkað lágmarksábyrgðir á innistæður einstaklinga í 50.000 evrur.



Evrán

Evrán er nú sameiginleg mynt 17 aðildarríkja Evrópusambandsins og saman mynda þau evrusvæðið. Upptaka evrunnar árið 1999 var stórt skref í samrunaferli Evrópu: yfir 60% Evrópubúa nota evruna sem mynt og njóta ávinningsins af henni. Eftir því sem fleiri aðildarríki ESB taka upp evruna munu fleiri íbúar álfunnar njóta góðs af hinni sameiginlegu mynt.

Þegar evran varð að veruleika fluttist ábyrgðin á peningamálastefnunni til hins sjálfstæða Seðlabanka Evrópu og seðlabanka þeirra aðildarríkja sem tekið höfðu upp evruna. Saman mynda þeir Evrukerfið (e. Eurosystem).




Kort:

- Evruríkin
- Aðildarríki ESB sem enn eiga eftir að taka upp evruna
- Aðildarríki ESB sem fengið hafa varanlega undanþágu frá þátttöku í evrusamstarfinu

Evrá fyrir alla Evrópubúa

Gert er ráð fyrir að öll ESB-ríkin taki upp evruna, en þó ekki fyrr en hagkerfi þeirra eru tilbúin til þess. Ríkin sem gengu í sambandið 2004 og 2007 eru hægt og bítandi að sameinast evrusvæðinu, fyrir utan Danmörku og Bretland sem standa utan þess á grundvelli sérstaks pólitíks samkomulags. Til að geta tekið þátt í evrukerfinu verður gengi gömlu myntarinnar að hafa verið stöðugt í tvö ár. Önnur skilyrði lúta að lágum vöxtum, ábyrgum ríkisrekstri (takmörk á fjárlagahalla og skuldum ríkisins) og verðlagsstöðugleika.

Þegar litið er á stærð hagkerfis evrusvæðisins og regluverk þess, sem miðar að því að tryggja stöðugleika, kemur ekki á óvart að evran hafi á skömmum tíma orðið önnur mikilvægasta mynt heimsins á eftir dollarnum og standi dollarnum jafnvel framar á sumum sviðum, t.d. hvað varðar virði fjármagns í umferð.



Kostir sameiginlegrar myntar

Sameiginleg mynt auðveldar ekki aðeins ferðalög milli landa, heldur er hún skynsamlegur kostur út frá efnahagslegum og pólitískum forsendum. Regluverkið, sem efnahags- og myntbandalagið og evran byggja á, gerir gjaldmiðilinn að stöðugri mynt með lágrí verðbólgu og lágum vöxtum og hvetur til ábyrgrar stefnu í ríkisfjármálum. Sameiginleg mynt er einnig rökrétt viðbót við sameiginlegan markað og gerir hann skilvirkari. Þá gerir hún verðlagningu gegnsærri, eyðir kostnaði við gjaldeyrisskipti, smyr gangverk evrópska hagkerfisins, greiðir fyrir alþjóðaviðskiptum og eflir rödd Evrópusambandsins á alþjóðavettvangi. Stærð og styrkur evrusvæðisins ver það einnig betur gegn utanaðkomandi áföllum á borð við óvænta hækkun á ollúverði eða óróleika á gjaldeyrismörkuðum. Síðast en ekki síst er evran áþreifanlegt sameiningartákn fyrir íbúa Evrópusambandsins sem þeir geta



verið enn stoltari af – eftir því sem evrusvæðið stækkar og kostirnir aukast fyrir núverandi og tilvonandi meðlimi.

Í núverandi kreppu hefur reynst mjög hjálplegt að hafa evruna sem sameiginlega mynt í stórum hluta Evrópu. Hennar vegna hefur Evrópusambandið átt auðveldara með að bregðast á samræmdan hátt við hinni alþjóðlegu fjármálakreppu og hún hefur tryggt meiri stöðugleika en ella.

Yfir 60% Evrópusambandsins nota evruna daglega. Hin sameiginlega mynt kemur öllum til góða: kostnaður við gjaldeyrisskipti á ferðalögum eða í viðskiptum innan evrusvæðisins er horfinn; kostnaður við millifærslur fjármagns milli landa hefur í flestum tilfellum horfið eða minnkað verulega; neytendur og fyrirtæki eiga auðveldara með verðsamanburð – sem aftur eflir samkeppni.

Þátttaka í evrusvæðinu eykur stöðugleika í verðlagi. Seðlabanki Evrópu ákvarðar vaxtastig með það fyrir augum að halda verðbólgu á evrusvæðinu innan við 2% til meðallangs tíma. Hann heldur einnig utan um gjaldeyrisforða Evrópusambandsins og getur gripið inn í gjaldeyrismarkaði til að hafa áhrif á gengi evrunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum.



Nánari upplýsingar

Stjórnarsvið um efnahags- og peningamál

Vefsíða: http://ec.europa.eu/economy_finance/index_en.htm

Evrópustofa – upplýsingamiðstöð ESB

Suðurgata 10, 101 Reykjavík

Kaupvangsstræti 23, 600 Akureyri

Sími 527 5700

Vefsíða: evropustofa.is

Netfang: evropustofa@evropustofa.is





Publications Office

Evrópustofa
Upplýsingamiðstöð ESB